



---

# HVERSU GÓÐUR ER SKÓLINN OKKAR SJÁLFSMATSSKÝRSLA TRÖLLABORGAR

---

Veturinn 2020-2021



Eyrún Berta Guðmundsdóttir, Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir  
og Sigríður Ólafsdóttir



## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður .....	3
Inngangur .....	4
Leikskólinn Tröllaborg .....	6
Starfsmenn Tröllaborgar.....	6
Nemendur.....	6
Húsnæði.....	7
Áherslupættir í starfi Tröllaborgar.....	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats .....	9
Framkvæmd matsins .....	10
Sjálfsmatsteymi.....	11
Hlutverk teymis.....	11
Sjálfsmat skólaárið 2020-2021 .....	12
Mat á gæðagreinum úr Hversu góður er leikskólinn okkar .....	12
Mat nemenda .....	15
Umbótaáætlun skólaársins 2020-2021 .....	15
Eftirfylgni/endurmat umbótaáætlunar 2020-2021.....	17
Mat á starfsáætlun .....	20
Viðhald húsnæðis .....	20
Starfspróun og endurmenntun .....	22
SMT – Set listinn .....	23
Niðurstöður SET lista í Tröllaborg í nóvember 2020 .....	24
Skólapúlsinn – foreldrakönnun .....	29
Áætlun um sjálfsmat 2021-2024 .....	33
Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er skólinn okkar?</i> .....	34



## Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var kosið sjálfsmatsteymi sem hafði það hlutverk að halda utan um og skipuleggja sjálfsmat leikskólans samkvæmt sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Í þessari skýrslu er sett fram þriggja ára áætlun sem byggir á gæðaviðmiðum þessarar sjálfsmatsaðferðar. Allt starfsfólk tók þátt í sjálfsmatinu sem fór fram á starfsdögum og á starfsmannafundum.

Alls voru lagðir fyrir 6 gæðagreinar til mats og umbóta. Heildareinkunn hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í bígerð er að búa til nýjan lykilþátt um fagmennsku kennara og verður hann vonandi lagður fyrir í vetur. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram og einnig umbótaáætlanir. Starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins eru lagðar fyrir annað hvert ár. 1. febrúar 2021 var lögð könnun fyrir foreldra.

Niðurstöður mats í hverjum þætti gæðagreinisins:

<b>Matsfundur 18.09</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 4.1 Mötuneyti	5, 5, 5

<b>Matsfundur 06.10</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 2.1 Vernd barna	4, 5, 5

<b>Matsfundur 14.10</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5
g.g 2.7 Samstarf	5, 5, 5

<b>Matsfundur 24.11</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g. 1.3 Breytingastjórnun	5, 5

<b>Matsfundur 04.01</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5, 5, 5



## Nemendur

Ekki voru tekin rýnihópaviðtöl við börnin þetta árið.

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ítarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka I.

<b>Einkunnagjöf skv. sjálfsmatsaðferðinni</b>
<b>Hversu góður er leikskólinn okkar</b>
Einkunn 6 - framúrskarandi
Einkunn 5 - mjög gott
Einkunn 4 - gott
Einkunn 3 - fullnægjandi
Einkunn 2 - slakt
Einkunn 1 - ófullnægjandi

## Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg í febrúar 2021. Könnunin inniheldur 31 matsþátt í sex flokkum og er hún send til foreldra allra barna í leikskólanum. Í þeim tilvikum sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðilinn fær könnunina senda fyrst. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars. Viðmiðunarhópin myndu allir leikskólar sem tóku þátt í könnuninni en leikskólarnir eru ólíkir að gerð og staðsetningu. Svarhlutfall var 95,2% en samtals svöruðu 20 foreldrar könnuninni.

## Inngangur

Samkvæmt *lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

# Leikskólinn Tröllaborg

## Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru tveir, einn á hvorri starfsstöð, Ásrún Leósdóttir á Hofsósi og Christine Hellwig á Hólum. Á Hólum og á Hofsósi er sitthvor starfsmaðurinn að hluta starfsmaður leikskóla og að hluta til í ræstingu. Á Hofsósi er matráður líka starfsmaður leikskóla inn á deild. Frá 1. mars 2020 jókst hlutfall matráðar á Hofsósi um 3,17% en lækkaði að sama skapi hlutfall sama starfsmanns inn á deild um 3,17%.

Fjöldi starfsmanna í Tröllaborg 1. október 2020 voru 12 starfsmenn að meðtöldum leikskólastjóra í 11,51 stöðugildum.

## Starfsheiti og stöðugildi 1. október 2020

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	1
Deildarstjóri	2	2
Leikskólasérkennari	1	1
Leikskólakennari	1	1
Starfsmaður í leikskóla*	6	4,49
Ræsting* Hofsósi og Hólum	2	0,55
Matráðar* Hofsósi og Hólum	2	1,47
<b>Samtals</b>	<b>12</b>	<b>11,51 stöðugildi</b>

\*þrír starfsmenn í tveimur störfum þ.e. starfsmaður inn á deild og ræsting/matráður

## Nemendur

Þann 1. október 2020 voru 24 nemendur í leikskólanum; 8 á Hofsósi og 17 á Hólum. Þann 1. febrúar voru 30 nemendur í leikskólanum; 12 nemendur á Hofsósi og 18 á Hólum.



## Nemendafjöldi eftir árgöngum 1. febrúar 2020

Árgangur	Nemendafjöldi
2015	5
2016	4
2017	9
2018	6
2019	5
2020	1
<b>Samtals</b>	<b>30</b>

### Húsnæði

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt og hlaut leikskólinn nafnið Tröllaborg. Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum þ.e. Hofsósi og Hólum. Á Hólum er leikskólinn í sama húsi og grunnskólinn. Á Hofsósi er hann í einbýlishúsi sem er bráðabirgða húsnæði en verið er að byggja nýja viðbyggingu við grunnskólann sem leikskólinn stefnir á að flytja inn í fyrir árslok 2021.

### Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til við skipulagningu starfsins.

Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn *skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Aðalnámskrá leikskóla*. Aðaláhersla er lögð á leikinn, læsi, umhverfismennt, skapandi starf og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best á eigin forsendum. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga Johns Dewey sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga Lev Vygotsky sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum



milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska, getu og sjálfstæðis.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.





## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Það er lykilatriði að allir starfsmenn leikskólans komi að sjálfsmatinu.

Leikskólinn Tröllaborg hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Þessi sjálfsmatsaðferð hjálpar okkur við að meta eigin vinnu og finna okkar sterku hliðar, finna þá þætti sem þarf að bæta og gera þróunaráætlanir til endurbóta.

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar.

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsstefnunni fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6.

Við notum einkunnaskala frá 1-6 til að meta gæðagreinana. Sett eru fram viðmið t.d. um einkunnina 5 eða **mjög gott**, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið leikskólastarfsins. Hljóti leikskóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnarskala í viðauka I.



## **Framkvæmd matsins**

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu leikskólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat síðar í skýrslunni.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Eitt matseyðublað fylgir hverjum gæðagreini, þar sem sjálfsmatsteymið hefur sett saman matseyðublað annars vegar úr *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreinin í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að leikskólastarfi á hverjum stað. Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreinin sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast umbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fimm skrefum:**

***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á.



**Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila en sú vinna er í undirbúningi.

**Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf.

**Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.

**Eftirfylgni umbóta.**

### **Sjálfsmatsteymi**

Á hverju hausti kjósa starfsmenn sjálfsmatsteymi sem sér um skipulagningu á sjálfsmatinu. Þeir sem skipa sjálfsmatsteymi veturinn 2020-2021:

Eyrún Berta Guðmundsdóttir,  
Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir,  
Sigríður Ólafsdóttir.

### **Hlutverk teymis**

Sjálfsmatsteymið ákveður hvaða gæðaviðmið og gagnlegu spurningar eru valdar. Starfsmönnum er skipt upp í tvo til þrjá hópa og skiptir sjálfsmatsteymið sér niður á hópana og stýrir vinnunni.

Sjálfsmatsteymið sér einnig um skýrslugerð sem skilað er í september ár hvert til fræðslustjóra og er hún þá einnig sett á heimasíðu leikskólans.



## Sjálfsmat skólaárið 2020-2021

Sjálfsmatið fór fram á starfsmannafundum og var starfsmönnum skipt upp í tvo til þrjá hópa. Vinna við matið gekk vel enda starfsmenn orðnir vanir þessari vinnu. Á starfsmannafundi var lögð fram hugmynd að nýjum lykilþætti sem heitir *fagmennska kennara* og er nr. 4.2 Áætlað er að leggja hann fyrir í vetur. Ætlunin var að búa til fleiri lykilþætti um innra starfið en til þess hefur ekki enn unnist tími.

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2020-2021:

<b>Matsþættir úr sjálfsmatsefninu Hversu góður er leikskólinn okkar</b>
g.g. 4.1 Mötuneyti
g.g. 2.1 Vernd barna
g.g. 2.4 Einstaklingsmiðun
g.g. 2.7 Samstarf
g.g. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

### Mat á gæðagreinum úr Hversu góður er leikskólinn okkar

<b>Matsfundur 18.09</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 4.1 Mötuneyti	5, 5, 5

#### Mat á gæðagreini 4.1 Mötuneyti

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar eru að við erum heilsueflandi leikskóli og fylgjum matseðlum frá landlækni. Matseðlar eru gefnir út fyrir mánuð í senn og gott aðgengi að þeim, daglega er boðið upp á bæði ávexti og grænmeti, hvatt er til vatnsdrykkju og boðið upp á heitar máltíðir minnst fjórum sinnum í viku. Að okkar mati erum við heilt yfir að koma vel út, erum að reyna okkar besta að fylgja áætlun landlæknis. Það sem betur má fara er m.a. aðstaða í eldhúsi á Hofsósi, auka fjölbreytni í nónhressingu, bjóða upp á vatn með ávaxtastund og léttmjólk með fiskmeti.



<b>Matsfundur 06.10</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 2.1 Vernd barna	4, 5, 5

### Mat á gæðagreiðni 2.1 Vernd barna

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar eru skýr stefna og verklagsreglur sem tryggja jafnræði, til eru verkferlar sem segja til um hvað eigi að gera í ýmsum aðstæðum og eru öll gögn um velferð barna geymd á öruggan hátt til þess að tryggja viðeigandi aðgengi viðkvæmra upplýsinga. Það sem þyrfti að bæta er upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólk hver ber ábyrgð og hvert er hægt að leita. Skipta út og laga leiktæki á leikskólalóðum og innanstokksmuni og bæta skráningar í SMT.

<b>Matsfundur 14.10</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5
g.g 2.7 Samstarf	5, 5, 5

### Mat á gæðagreiðni 2.4 Einstaklingsmiðun

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Einn af helstu styrkleikum okkar er náíð samstarf við foreldra og fagaðila til að börn fái viðeigandi stuðning t.d. í gegnum foreldraviðtöl, hvatningu og upplýsingum um námskeið og samstarfi milli heimili og leikskóla. Þau börn sem þurfa einstaklingsnámskrá fá hana og eru reglulega haldnir deildarfundir þar sem þarfir einstakra barna eru ræddar og starfsfólk speglar sig m.a. í samstarfsfólki og á samræðum til að mæta þörfum allra og finna þær starfsaðferðir sem virka best. Einnig vitum við að aðferðirnar sem við notum hafa áhrif á þroska, áhuga og ánægju barnanna ef börnin sýna framfarir. Helsta sem þyrfti að bæta er að hafa tíma til að fylgja eftir einstaklingsnámskrám en með auknum undirbúningstíma mun það vonandi lagast.



## Mat á gæðagreini 2.7 Samstarf

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Styrkleikar okkar eru að við notumst við margar leiðir til samskipta, skipulags, eftirfylgni og mat á störfum okkar með samstarfsaðilum t.d. foreldraviðtöl, samtöl, skimanir, fundir, tölvupóstar, upplýsingatöflur, heimasíða, facebooksíður, kannanir á þroska og framförum barna. Styrkleikar okkar liggja líka í árangri samstarfs þar sem við fáum fleiri sjónarhorn, meiri fróðleik og vera opnari fyrir hugmyndum annarra og óhrædd við að koma hugmyndum á framfæri. Allt samstarf hefur jákvæð áhrif og við lærum að því sem vel gengur með því að tileinka okkur nýja færni. Annað mikilvægt sem kom fram í þessum gæðagreini er að vera jákvæður og samstarfsfús sem og hafa foreldra alltaf með sér í liði. Það sem mætti bæta er að auka samstarf við nærsamfélagið og gefa börnum færi á að kynnast því betur.

Matsfundur 24.11	Einkunnargjöf
g.g. 1.3 Breytingastjórnun	5, 5

## Mat á gæðagreini 1.3 Breytingastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn í tveimur hópum starfsmanna. Sýn leikskólans er metnaðarfull og beinir sjónum að umbótum fyrir alla. Endurmenntun og fagleg umræða á sér stað vítt og breytt yfir landið með aukinni notkun fjarkennslubúnaðar og samstarf við aðrar menntastofnanir sömuleiðis. Aðrir styrkleikar eru að mikil áhersla er lögð á frjálsan leik, útikennslu, listsköpun, umræðu við börnin, tákn með tali (á Hólum) og börnin fá tækifæri til að velja leikefnivið. Við höfum virka símenntunaráætlun, allir jákvæðir fyrir að hjálpa hvert öðru og áhugi barna á námi og umhverfi hefur svo áhrif á fjölskyldur t.d. heilsueflandi leikskóla. Börnin eru meira meðvituð um heilsufar, næringu og smita út frá sér/heima. Það sem þyrfti að bæta er upplýsingagjöf til foreldra og leggja allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu fyrir foreldraráð.



<b>Matsfundur 04.01</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5, 5, 5

Mat á gæðagreiðni 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Mikill styrkur liggur í að við höfum náð að skapa árangursríkt námsumhverfi byggt á hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar og heyrum það frá foreldrum í foreldraviðtölum, könnunum og líðan barna í leikskólanum. Styrkleikar eru einnig góður starfsandi og samvinna. Velferð er mikilvægur hluti af daglegu starfi og fléttast ómeðvitað inn í allt starf. Starfsfólk þekkir, skilur og notar gæðagreiðna um velferð á áhrifaríkan hátt. Það sem betur má fara er að kynna fyrir starfsfólki lög og reglugerðir sem gilda fyrir leikskólann, gæta þess að ekki verði undirmannað (t.d. í veikindum, leyfi o.þ.h.) ef á að tryggja stöðugleika, öryggi, virðingu og næði við umönnun barna. Einnig kom fram að vantaði skýrari viðmið í heilsu og velferð sem og meira samtal milli starfsfólks þegar kemur að heilsu og velferð.

## Mat nemenda

Þetta árið tóku nemendur ekki þátt í innra mati á skólastarfinu eins og áætlað var. Aðalástæðan fyrir því var Covid 19 en allt skipulag riðlaðist og ekki gafst tími til að sinna þessum hluta. Vonandi gengur þetta betur næsta vetur.

## Umbótaáætlun skólaársins 2020-2021

<b>g.g. 4.1 Mötuneyti</b>
Hvað þarf að gera?
Bæta aðstöðu (vantar vaska) í eldhúsið á Hofsósi og vera kannski sýnilegri með vatnsbrúsa
Hengja upp matseðla í anddyrinu á Hofsósi
Spurning hvort það ættu að vera vatnsbrúsar á Hofsósi



Mjólk með fiskmeti
Vatn með morgunmat, ekki mjólk í glas með morgunkorni eða súrmjólk
Mjólk í glas með hafragraut
Mætti vera fjölbreyttara í nónhressingu (flatbrauð, hrökkbrauð...)
Mætti bjóða upp á vatn í nónhressingu, léttmjólk með fiski
Mætti bjóða upp á vatn í ávaxtastund
Hafa allann mat á borðum. Það myndi róa andrúmsloft í matsalnum og gefur meira næði til að borða

### **g.g. 2.1 Vernd barna**

Hvað þarf að gera?

Bæta upplýsingaflæði til foreldra og starfsfólks hver ber ábyrgð og hvert hægt sé að leita

Laga/skipta út vegasaltinu á Hólum, klemmurvarnir á hurðir og innstungur ekki með „töppum“

SMT skráningar þarf að bæta

### **g.g. 2.4 Einstaklingsmiðun**

Hvað þarf að gera?

Gefa tíma til að fylgja eftir einstaklingsnámskrám

Verður að vera full mönnun til að fylgja eftir einstaklingsnámskrám

### **g.g. 2.7 Samstarf**

Hvað þarf að gera?

Bæta samstarf við nærsamfélagið með utanaðkomandi fræðslu

### **g.g. 1.3 Breytingastjórnun**

Hvað þarf að gera?

Gefa meiri tíma til faglegra samræðna t.d. á deildarfundum, starfsmannafundum og á starfsdögum

Auka upplýsingaflæði til foreldra





Gefa börnum tækifæri til að tjá sig um stefnu og markmiðum leikskólans

Næst, þegar við ætlum að gera meiri háttar breytingar í starfinu, leggjum við þetta fyrir foreldraráðið

### **g.g. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar**

Hvað þarf að gera?

Skýrari viðmið í heilsu og velferð. Meira samtal milli starfsfólks þegar kemur að heilsu og velferð, gott skipulag

Fjölga starfsfólki til að koma í veg fyrir undirmönnun

Hafa lög og reglugerðir sýnilegri inni á deild t.d. bæklingur eða ræða þetta á deildarfundum

Námskeið starfsmanna, endurmenntun

## **Eftirfylgni/endumat umbótaáætlunar 2020-2021**

Sjálfsmatsteymið fór yfir þróunaráætlanir fyrir skólaárið 2020-2021 í ágúst og er þetta niðurstaðan úr því. Endurmat á umbótaáætluninni var lögð fyrir starfsmannahópin á starfsmannafundi 7. september 2021.

### **g.g. 4.1 Mötuneyti**

g.g. 4.1 Mötuneyti		
Bæta vaska í eldhúsið á Hofsósi		Flytjum í nýtt húsnæði haustið 2021
Bjóða upp á vatnsbrúsa/glös oftár	Starfsfólk á deildum	Komið til framkvæmda
Passa að matseðill sé sýnilegri á Hofsósi, t.d. í anddyri	Deildarstjóri	Komið til framkvæmda

### **g.g. 2.1 Vernd barna**

g.g. 2.1 Vernd barna		
Laga leiktæki á Hólum	Leikskólastjóri, Eignarsjóður, Garðyrkjudeild	Búið að taka í burtu skemmt leiktæki. Þarf að fara í lóðina alla



Bæta upplýsingaflæði til foreldra og starfsfólks hver ber ábyrgð og hvert hægt sé að leita	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Komið til framkvæmda. Setja í vikupósta frá deildarstjórum fróðleikskorn mánaðarins, farið yfir ferli og áætlanir leikskólans og bent á hvar nálgast megi upplýsingarnar á heimasíðunni
--	------------------------------------	---

<b>g.g. 2.4 Einstaklingsmiðun</b>		
Bæta upplýsingaflæði til foreldra og starfsfólks hver ber ábyrgð og hvert hægt sé að leita	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Setja í vikupósta frá deildarstjórum fróðleikskorn mánaðarins, farið yfir ferli og áætlanir leikskólans og bent á hvar nálgast megi upplýsingarnar á heimasíðunni
Vantar tíma til að fylgja eftir einstaklingsáætlunum	Með auknum undirbúnings-tíma ætti það að nást	Komið til framkvæmda með nýjum kjarasamningi FL

<b>g.g. 2.7 Samstarf</b>		
Bæta samstarf við nærsamfélagið	Deildarstjórar	Komið til framkvæmda á Hólum með verkefni úr Sprotasjóði í samvinnu við GaV og Háskólann á Hólum

<b>g.g. 1.3 Breytingastjórnun</b>		
Gefa meiri tíma til faglegra samræða Fleiri deildarfundi og oftár	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Leikskólastjóri skipuleggur starfsmannafundi með þetta í huga



Gefa börnum tækifæri til að tjá sig um stefnu og markmiðum leikskólans	Deildarstjórar	Rætt um á starfsmannafundi 07.09.2021
Miðlun upplýsinga til foreldra. Auka aðgengi foreldra að upplýsingum og koma upplýsingum á framfæri við foreldra	Allt starfsfólk	Vikupóstur frá deildarstjórum, fréttir inn á heimasíðu, fréttir og tilkynningar inn á sameiginlega Fb-síðu og svo eru starfsstöðvar með sér fb-síðu. Dagleg samskipti foreldra og starfsfólks
Næst, þegar við ætlum að gera meira háttar breytingar í starfinu, leggjum við þetta fyrir foreldraráðið	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Leikskólastjóri sendir/fundar með foreldraráði

<b>g.g. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar</b>		
Skýrari viðmið í heilsu og velferð. Meira samtal milli starfsfólks þegar kemur að heilsu og velferð	Heilsueflandi teymi	Rætt um matseðil á starfsmannafundi 07.09.2021
Fjölga starfsfólki til að koma í veg fyrir undirmönnun		Verið að auglýsa eftir starfsfólki
Hafa lög og reglugerðir sýnilegri inni á deild	Leikskólastjóri	Starfsmannafundur 5.10.2021



## Mat á starfsáætlun

Mat á starfsáætlun fór þannig fram að allt starfsfólk fór yfir matslistana og umbótaáætlanirnar á starfsmannafundi 7. september 2021 og merktu við stöðuna. Við þyrftum að búa okkur til matslista eins og eru í sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og meta árangur starfsáætlunarinnar á síðasta starfsmannafundi að vori. Vonandi náum við því fyrir næsta mat á starfsáætluninni.

Sumt gekk vel og annað ekki og má segja að Covid 19 hafi haft nokkur áhrif á starfið.

## Viðhald húsnæðis

Þó gerður sé viðhaldslistinn í starfsáætlun má ekki gleyma að það kemur líka oft eitthvað óvænt upp á sem þarf viðhalds strax og hefur alltaf gengið vel að fá það gert t.d. skipt um ofn í eldhúsi á Hólum, skipt um ofn í þvottahúsi/starfsmannainngangi á Hofsósi, skipt um skóhillu í anddyri barna á Hólum, sett upp þakrenna fyrir ofan starfsmannainngang á Hofsósi, blöndunartæki og salerni löguð á báðum starfsstöðum, uppþvottavél löguð á Hólum, meindýraeyðir fenginn á Hóla og fleira tilfallandi.

Viðhaldslisti	Ástæða
Innihurðir pússaðar og laga hurðakarma	Farið að flísast úr viðnum
Mála gluggakarma að utan (aðallega vesturhliðin)	Gluggakarmar orðnir lélegir
Vantar merkingu þar sem hvatt er til að hafa bifreiðar ekki í gangi	
Skipta út útidyrhurð í anddyri leikskólans	Orðin mjög þreytt, undin, erfitt að loka og óþétt
Endurskipuleggja og lagfæra lóð á Hólum m.t.t. aðgengi: <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipta út vegasalti</li> </ul>	Sjá niðurstöðuskýrslu aðalskoðunar leiksvæða í ágúst 2021



<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja nýjan kastala</li> <li>• Vantar fallvörn í kringum útileiktæki</li> <li>• Skipta út gormatæki</li> <li>• Malbika reiðhjólástíg</li> <li>• Lagfæra hellulagnir á útisvæði</li> <li>• Gæta vel að aðgengi fyrir alla inn á leikskólalóð og inn í leikskólahúsnæðið</li> </ul>	<p>Búið að fjarlægja gormatæki, undirstöður standa enn</p> <p>Hellur eru ójafnar og standa uppúr, börn detta á þeim eða hjól stöðvast á hellubrún og þau detta af hjóli</p> <p>Lítið sem ekkert aðgengi er fyrir göngugrind á leikskólalóð</p>
Setja stakar hljóðvistarplötur inn á deild á Hólum, hljóðvist mjög léleg!	Mikill hávaði myndast í þessu aðalrými deildarinnar, þar er afar hátt til lofts
Setja hitapráð í þakrennur m.a. á vesturhlið skólahúsnæðis á Hólum	Vesturhliðin fór að leka í fyrravetur, lak inn með gluggum og/eða lofti inn í WC grunnskólagangi, undirbúningsherbergi kennara, svefnrými barna, fundarrými og skrifstofu leikskólastjóra
Útidyrhurð á starfsmannainngangi er orðin léleg, skipta henni út	Hurð orðin mjög léleg, undin og rakaskemmdir greinilegar, í vatnsveðrum þenst hún út
Gluggar á vesturhlið leikskólahlutans þarf að skipta út (hliðin sem snýr að bílastæðum)	Gluggakarmar fúnir, lekur inn um þá í miklum vatnsveðrum, erfitt að opna og loka opnanlegu fögin
Setja klemmuvarnir á innihurðir inn á deild og í matsal	Klemmuvarnir í hurðafansa sbr. í nýja leikskólanum á Hofsósi
Ryðgaðar og lausar skrúfur sem halda stormjárnnum í gluggum	Stormjárn inn á deild eru mörg að losna upp því skrúfur eru ryðgaðar



Setja upp hillu fyrir stimpilklukku við starfsmannainngang (ath. vantar rafm.innstungu líka)	Þyrfti að bora í vegginn til að ná í rafmagn sem þar er og tengja við stimpilklukku sem þyrfti að vera við starfsmannainnganginn
Þarf að laga undir sullavask inn á deild	Vaskurinn bungar upp í miðjunni þar sem niðurfallið er, alltaf vatn í hornunum m.t.t. þrifa

Ekkert viðhald var áætlað á Hofsósi í núverandi húsnæði þar sem flutt verður inn í nýtt húsnæði vonandi fyrir árslok 2021.

## Starfsþróun og endurmenntun

Allt starfsfólk tóku þátt í starfsþróunarsamtali við leikskólastjóra sem að þessu sinni var tvískipt; í fyrra samtali var farið yfir líðan starfsfólks í vinnunni og hvernig samstarf og samvinna gengur. Í seinna samtalinu var farið yfir starfsþróun og vinnuaðstæður. Ekki voru allir sem sátu seinni samtölin.

Starfsþróunarsamtöl	
Allir starfsmenn eiga rétt á samtali við leikskólastjóra	lokið

Símenntunaráætlun 2020-2021	
Fræðsludagur	Frestað v. Covid-19
Haustþing	Frestað v. Covid-19
Vernd barna námskeið	4. jan. 2021 í fjarfundi fyrir allt starfsfólk
Kynning á reglugerð og störfum barnaverndarnefndar	14. okt. 2020 á starfsdegi, í fjarfundi fyrir allt starfsfólk
Skyndihjálparnámskeið	Frestast v. Covid-19
Skólaheimsókn til Finnlands	Frestað v. Covid-19
Jóga- og slökunarnámskeið frá Hugarfrelsi	Vorönn 2021 í fjarfundi – tveir starfsmenn



Fátt gekk upp í símenntunaráætlun 2020-2021 þar sem haustþing, skyndihjálparnámskeið, fræðsludagur og skólaheimsóknir sem frestaðist endurtekið vegna Covid-19. Annað náðist í fjarfundi.

### **Starfið**

Covid-19 heimsfaraldurinn setti nokkurt strik í reikninginn ásamt vetrarveðrinu. Þann 11. mars opnaði leikskólinn seinna vegna veðurs og ófærðar og 3. desember 2020 var lokað á Hofsósi vegna óveðurs og ófærðar. Takmarkanir vegna farsóttar höfðu þau áhrif að foreldrar höfðu ekki takmarkaðan aðgang að deildum leikskólans, aðeins anddyri, fataherbergi og útisvæði. Dót og annar efniviður barna var skipt út daglega og sett í sóttkví og verður þeirri vinnureglu haldið áfram. Lítið sem ekkert samstarf var á milli leik- og grunnskólans vegna þessara sömu takmarkana. Foreldraviðtöl voru í fjarfundarbúnaði og tókst það vel. Áfram verður haldið áfram að bjóða upp á foreldraviðtöl í fjarfundarbúnaði ef foreldrum finnst það henta betur.

Starfsmenn fóru í bólusetningar vegna Covid-19 á vordögum. Í kjölfarið þurfti að senda börn heim á Hólum vegna veikinda starfsfólks.

### **SMT – Set listinn**

Leikskólinn Tröllaborg er með tvær deildir: Brúsabæ á Hólum og Barnaborg á Hofsósi. Í Brúsabæ eru 18 börn á aldrinum 1-5 ára. Í Barnaborg eru 9 börn þegar SET listinn var lagður fyrir, á aldrinum 1-5 ára. Á báðum deildum eru reglur sýnilegar og kynntar fyrir börnunum.

Deildarstjórar lögðu SET listann 27. nóvember 2020 fyrir sínar deildir vegna Covid-19; Ásrún í Barnaborg og Christine í Brúsabæ. SET listinn er matstæki sem mælir árangur SMT innan skólans. Listinn er settur saman úr 8 meginþáttum. Hver þáttur skiptist niður í nokkra liði og er mest hægt að fá 2 stig fyrir hvern lið. Listinn var lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi inni á deildum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn. Niðurstöður listans eiga að hjálpa



viðkomandi skóla að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT - skólafærni hjá sér. Hér á eftir fer samantekt fyrir hvern þátt og í lokin er samantekt á niðurstöðunum.

## **Niðurstöður SET lista í Tröllaborg í nóvember 2020**

Christine Hellwig og Ásrún Leósdóttir fylltu út SET listann þann 27. nóvember 2020 fyrir leikskólann Tröllaborg. Niðurstöður listans eiga að hjálpa skólanum að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT - skólafærni hjá sér.

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli sem rekinn er á tveimur starfsstöðum, Hólum og Hofsósi. Leikskólinn tekur við börnum á aldrinum eins til sex ára. Á Hólum eru 17 börn á aldrinum eins til sex ára. Á Hofsósi eru átta börn á aldrinum tveggja til fimm. Frá tveggja ára aldri geta börnin fengið bros sem viðurkenningu æskilegrar hegðunar. Kennslan fer fram í hóp þar sem öllum börnum er sýnd æskileg hegðun og þau síðan látin æfa rétta hegðun við mismunandi aðstæður.

Niðurstöður SET listans í Tröllaborg sýna að leikskólinn hefur unnið með SMT á fullnægjandi hátt í haust. Heildarmeðaltal skólans er 87% en skólar þurfa að fá 80% eða meira í heildarmeðaltal og 80% eða meira í flokki B - reglur kenndar til að vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt.

### **A: Reglur skilgreindar 100%**

Það sem vel er gert:

Jákvæðar skólareglur eru til staðar, eru sýnilegar og í hæð nemenda í Tröllaborg. Reglur eru settar fram bæði myndrænt og með texta. Reglutafla skólans sýnir fram á að reglur eru skilgreindar fyrir ólíkar athafnir á deildinni.

### **B: Reglur kenndar 100%**

Það sem vel er gert:

Til staðar eru kennsluáætlanir þar sem fram kemur hvenær kenna á reglur. Kennsluáætlanirnar eru aðgengilegar inni á deild, á heimasíðu leikskólans





og í upplýsingamöppu í undirbúningsherbergjum. Kennarar áttu auðvelt með að tilgreina þær reglur sem eru til staðar á deildinni. Af nemendum sem talað var við, gátu tveir nefnt þrjár eða fleiri reglur og fimm nefnt tvær reglu.

Reglur sem börn nefndu:  
 Fara eftir fyrirmælum  
 Ekki lemja, stríða eða meiða  
 Nota innirödd  
 Hafa hendur og fætur hjá sér  
 Gefa næði á klósettinu  
 Skrúfa fyrir vatnið  
 Labba inni  
 Tína saman

Reglur sem starfsmenn nefndu:  
 Nota innirödd  
 Hafa hendur og fætur hjá sér  
 Fara eftir fyrirmælum  
 Vera á sínu svæði

Á Hólum var kennsluáætlun framfylgt í haust en kennsla fór seint af stað vegna erfiðrar aðlögunar. Tilgreindur er sérstakur tími á þriðjudögum eftir útikennslu til að kenna reglurnar. Á Hofsósi byrjaði kennslan viku seinna en áætlað var vegna aðlögunar. Á mánudögum eftir lestrarstund er skilgreindur tími fyrir SMT-kennslu. Eftir áramót, í janúar verður seinni kennslulota vetrarins en þrjú börn hafa náð þiggja ára aldri nýlega og verða tekin inn í prógrammið eftir áramót og þurfa því einnig kennslu á reglum. Kennslan fer fram sem hópkennd með sýnikennslu. Börnin æfa reglurnar með því að sýna rétta hegðun.

### **C: Viðbrögð við æskilegri hegðun og óæskilegri hegðun 90%**

Það sem vel er gert:

Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin safna brosum á vegg. Þegar umsömdum fjölda er náð er fyrirfram ákveðin umbun veitt. Allir starfsmenn sem rætt var við nota SMT aðferðir til að veita umbun hvort sem er í formi brosa eða félagslega hvatningu sem getur verið t.d. klapp á öxl, þumalfingur upp, fimma. Til staðar er ákveðið ferli sem kennarar fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun: Skýr fyrirmæli >



skýr fyrir mæli og val > taka úr aðstæðum. Oft á dag eru börnum bent á reglurnar þegar þau fara ekki eftir þeim.

Það sem þarf að bæta:

Starfsfólk mætti gera meira af því að minna börnin fyrirfram á reglurnar áður en óæskileg hegðun á sér stað.

Starfsfólk ætti að reyna að gefa jákvæðri hegðun meira gaum og hrósa fyrir hana.

**D: Skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi 75%**

Það sem vel er gert:

Í Tröllaborg á Hólum er myndrænt dagskipulag notað. Samverustund er kölluð söngstund og vissu börn og starfsmenn að eftir söngstund byrjar hádegismatur. Meirihluti starfsmanna gefur aðvörun áður en breytingar eiga sér stað. Einnig er bjalla inni á deild á Hólum sem er notuð til að gefa til kynna að breytingar á viðfangsefnum eiga sér stað.

Það sem þarf að bæta:

Á Hofsósi er hvorki notað myndrænt dagskipulag né viss merki sem gefur til kynna verkefnaskil.

**E: Eftirlit og ákvarðanataka 69%**

Það sem vel er gert:

Til eru eyðublöð sem notuð eru til að skrá óæskilega hegðun í skráningavikum. Óæskileg hegðun er skráð daglega þegar skráningar standa yfir, annars ekki.

Til er skráningarkerfi í Excel sem notað er til að fá yfirsýn yfir skráningar.

Á Hofsósi hafa verið tvær skráningavikur í vetur, í september og í nóvember.

Í september var ekki mikið skráð en í nóvember er skráningin meiri.

Nóvember skráningin stendur enn yfir og liggja niðurstöður því ekki fyrir.

Þær verða teknar saman í næstu viku og farið yfir niðurstöður með starfsfólki að því loknu.

Það sem þarf að bæta:



Við þurfum að viðurkenna að á Hólum hefur þetta verkfæri ekki verið notað í haust.

Niðurstöður skráninga eru engar í vetur (ekkert hefur verið skráð) og þess vegna var ekki mögulegt að kynna niðurstöður fyrir starfsfólkinu.

### **F: Þátttaka fjölskyldu 70%**

#### Það sem vel er gert:

Foreldrar fá kynningu á SMT þegar þeir byrja með barn í skólanum. Foreldrar fá afhentan bækling um leikskólastarfið og á foreldrafundi er kynning á hvernig SMT-reglur eru kenndar. Þeir fá tölvupóst með upplýsingum varðandi hugmyndafræði SMT á hverju hausti. Einnig má finna upplýsingar um SMT á heimasíðu leikskólans. Þar má meðal annars finna kennsluáætlanir vetrarins og reglutöflu leikskólans.

#### Það sem þarf að bæta:

Foreldrar hafa ekki að neinu leyti tekið þátt í mótun reglna. Við í Tröllaborg teljum að það sé ekki mikilvægt.

### **G. Stjórnun 90%**

#### Það sem vel er gert:

Í skólanum er SMT-teymi og hafa allir kennarar sem rætt var við vitneskju um það. Í teyminu er skólastjóri og deildarstjórar. SMT teymið getur fundað mánaðarlega ef þörf er á.

Í skólanum er til aðgerðaráætlun með upplýsingum um hvenær reglur eru kenndar.

Búið var til áætlun um hvernig og hvenær upplýsingar eiga að miðlast til foreldrar varðandi framvindu um þróun SMT í Tröllaborg.

Nefndin hefur fundað um framvindu SMT einu sinni í haust.

#### Það sem þarf að bæta:

Upplýsingarflæði til starfsmanna þarf að bæta um framvindu SMT. Einnig mætti bæta við aðgerðaáætlun um fræðslu/þjálfun fyrir starfsmenn.

### **H: Stuðningur við verkefnið 100%**



Það sem vel er gert:

Ekki er sérstök penningaupphæð eyrnamerkt SMT en séð er til þess að skólinn eigi nægjanlegt magn af brosum og öllu því sem á þarf að halda til að viðhalda SMT. Starfsfólk Tröllaborgar er hvatt til að sækja fræðslu eða þjálfun varðandi SMT. Það er alltaf reynt að skipuleggja starfsmannahaldið þannig að einn starfsmaður geti farið á þau námskeið sem í boði eru.

Það hefur verið nægur tími í haust til fundahalda og undirbúnings.

Heildarmeðaltal er 87%. Leikskólinn Tröllaborg þarf að bæta sig í að nota þau verkfæri sem SMT býður upp á (sérstaklega skráningar).

Starfið inn á deild hefur verið mjög krefjandi á Hólum þetta haust. Ástæðan er aðallega vegna aðlögunarerfiðleika barna í leikskólanum og starfsmannaeklu inni á deild. Starfið á Hofsósi hefur verið mjög afslappað þar sem fá börn eru í leikskólanum, eins og staðan er í dag.

Hólum í Hjaltadal 19.11.2020.

Virðingarfyllst,

Christine Hellwig

Ásrún Leósdóttir



## Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg í febrúar 2021. Könnunin inniheldur 31 matsþátt í sex flokkum og er hún send til foreldra allra barna í leikskólanum. Í þeim tilvikum sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðilinn fær könnunina senda fyrst. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars. Viðmiðunarhópin myndu allir leikskólar sem tóku þátt í könnuninni en leikskólarnir eru ólíkir að gerð og staðsetningu. Svarhlutfall var 95,2% en samtals svöruðu 20 foreldrar könnuninni.

Könnuninni er skipt upp í sex efnisflokka sem eru: *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* og *opin svör*. Þessir þættir hafa verið lagðir fyrir áður og því er hægt að skoða þróun skólans í þeim þáttum á milli ára. Hver efnisflokkur samanstendur af mismörgum matsþáttum.

### 1. Daglegt starf

#### 1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	90,0%	18/20	12,2%	93,0%	2480/2665	-3,0%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	94,7%	18/19	-	96,1%	2680/2785	-1,4%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	17	0,0%	95,4%	2444/2561	4,6%
1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild	82,4%	14/17	2,4%	87,1%	2139/2454	-4,7%
1.5. Sérþarfir í mataræði	21,1%	4/19	-3,9%	15,0%	429/2872	6,1%
1.6. Hollt mataræði	100,0%	20	0,0%	94,4%	2643/2797	5,6%
1.7. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	73,7%	14/19	-	91,5%	2626/2866	-17,8%*

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* eru sjö matsþættir. Þar kemur fram að *ánægja með leikskólann* og *hæfilegur fjöldi barna inn á deild* mælist hærra en í síðustu könnun en er töluvert lægri miðað við landsmeðaltal. Áberandi lítil ánægja mælist með *ánægju með húsnæði og aðstöðu* miðað við landsmeðaltal. Matsþættirnir *hollt mataræði* og *ánægja barnsins í leikskólanum* mælist eins og í fyrri könnun og er töluvert fyrir ofan



landsmeðaltal. Allir (100%) sem svara í matsþættinum um *ánægju barns í leikskólanum* lýsa yfir ánægju sinni og eru annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála*. *Ánægja foreldra með stjórnun* mælist örlítið fyrir neðan landsmeðaltal. Nokkur minni ánægja foreldra með sérþarfir í mataræði mælist nú en áður en er töluvert mikil fyrir ofan landsmeðaltal.

## 2. Námsumhverfi

### 2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	100,0%	12	12,5%	89,7%	1472/1639	10,3%
2.2. Aðstaða	86,7%	13/15	-1,6%	92,8%	1801/1936	-6,1%
2.3. Félagsleg samskipti	87,5%	14/16	-12,5%	95,3%	2014/2114	-7,8%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	18	0,0%	97,1%	1523/1569	2,9%

Foreldrar eru beðnir um að taka afstöðu til fimm jákvæðrar staðhæfinga um aðstöðuna í Tröllaborg. Matsþátturinn *Vinnubrögð* mælist mun hærrí nú en í síðustu könnun og er mikið fyrir ofan landsmeðaltal. Matsþátturinn *félagsleg samskipti* mælist mun lægri en í síðustu könnun og er sömuleiðis lægri á landsvísu. *Þátttaka án aðgreiningar* mælist eins milli kannana og er nokkuð hærrí miðað við landsmeðaltal. *Ánægja með Aðstöðu* mælist minni nú en í síðustu könnun og er lægri en á landsvísu.

## 3. Samskipti við foreldra

### 3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	82,4%	14/17	-1,0%	73,9%	1684/2272	8,5%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	89,5%	17/19	-0,5%	81,0%	2195/2708	8,5%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	100,0%	20	0,0%	90,5%	2442/2698	9,5%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólstarfinu	71,4%	10/14	6,7%	65,9%	1401/2120	5,5%
3.5. Tímasetning viðburða	81,2%	13/16	-13,2%	87,0%	1588/1832	-5,8%
3.6. Heimasiða leikskólans	95,0%	19/20	-5,0%	84,9%	1903/2220	10,1%



Allir matsþættir nema einn; *tímasetning viðburða*, mælist töluvert yfir landsmeðaltali. Töluverð minni ánægja er með *tímasetningu viðburða* í þessari könnun en í síðustu og sömuleiðis mælist hún minni á landsvísu. 100% foreldra svara því til að þeir séu *mjög sammála* eða *frekar sammála* að *tengsl sín við starfsfólk leikskólans* séu góð til samanburðar við 90,5% hlutfall svara viðmiðunarskólana. Matsþættirnir *upplýsingamiðlun* og *þekking á stefnu og námskrá leikskólans* mælir örlítla minni ánægju nú en í fyrri könnun en er töluvert fyrir ofan landsmeðaltal. *Heimasíða leikskólans* mælist töluvert fyrir ofan landsmeðaltal þó ánægja með hana mælist þverrandi milli kannana. *Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu* mælist hærra í Tröllaborg en á landsvísu.

#### 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

##### 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	60,0%	3/5	45,7%	72,8%	472/646	-12,8%
4.2. Flutningur milli skólastiga	-	-	-	-	-	-
4.3. Flutningur milli deilda	100,0%	1	33,3%	91,3%	1181/1299	8,7%

Í þessum flokki voru þrjú matsþættir en foreldrar svöruðu ekki matsþættinum um *flutning milli skólastiga*. Í matsflokknum *leikskólabyrjun* hefur ánægja foreldra aukist um 45,7% frá fyrri könnun en miðað við landsmeðaltal er töluverð minni ánægja með þann matsþátt. Ánægja er meðal foreldra með matsþáttinn *flutningur milli deilda* og mælist töluverð meiri ánægja með hann miðað við landsmeðaltal.

#### 5 Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

##### 5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	15,8%	3/19	15,8%	14,4%	365/2559	1,4%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	30,0%	6/20	30,0%	10,3%	280/2732	19,7%*



Báðir matsþættir sýna töluvert minni ánægju meðal foreldra í Tröllaborg frá síðustu könnun og á landsmeðaltali. 15,8% foreldra Tröllaborgar svarar því til að *barnið hafi fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu* miðað við 14,3% á landsvísu. 30% foreldra í Tröllaborg *hafa óskað eftir sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjubjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári* og fengið slíka þjónustu. Á landsvísu eru það 10,2% foreldra sem þess óska og hafa fengið slíka þjónustu.





## Áætlun um sjálfsmat 2021-2024

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Haustönn			
	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf
	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna
	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun
	gg. 4.2 fagmennska kennara		gg. 4.1 Mötuneyti
Vorönn			
	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun
	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar
	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl
Febrúar	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Mars		Foreldrakönnun Skólapúlsins	

### Skýrslur birtar

September	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
Október	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun



## Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er skólinn okkar?*

### Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

<b>Framúrskarandi</b>	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
<b>Mjög gott</b>	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.



<b>Gott</b>	<b>Gott</b> Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
<b>Fullnægjandi</b>	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
<b>Slakt</b>	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
<b>Ófullnægjandi</b>	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.